

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 17. október 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 94. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir, læknir, hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 93. fundar (19. september 2022), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu tveir orðalistar sem sendir höfðu verið nefndarmönnum í tölvupósti til yfirferðar.

- a) **Granuloma.** Farið var yfir áður útsendan orðalista með 30 færslum úr Íðorðasafni lækna sem tengjast latnesk-enska heitinu granuloma. Grunnfærslurnar eru tvær, önnur með íslenska aðalheitinu ofholdgunarhnúður og þremur samheitum, bólguvefshnúður, græðsluvefshnúður og roðagræðsluhnúður, og hin með íslenska aðalheitinu átfrumuhnúður og einu samheiti, risafrumubólguhnúður. Hinar færslurnar vörðuðu fyrirbæri þar sem nafnorðið granuloma eða lýsingarorðið granulomatous koma fyrir í samsettum heitum. Íslenskum heitum var bætt við þar sem þurfa þótti og allar skilgreiningar yfirfarnar og endurbættar eða nýjar settar inn. Færslurnar munu svo verða birtar í Íðorðabankanum eftir að JHJ hefur gengið frá lagfæringum sem komu fram á fundinum.
- b) **Postgraduate training list.** Reynir Tómas Geirsson kynnti áður útsendan breskan orðalista sem hann hafði þýtt úr ensku og aðlagð í tengslum við skipulagningu sérnáms lækna á Íslandi. Á listanum voru 12 grunnheiti og 34 samsett heiti. Hver færsla samanstóð af ensku heiti, íslensku aðalheiti, samheitum (eftir því sem við átti) og stuttri skilgreiningu á viðkomandi fyrirbæri. Um þetta spunnust mjög líflegar og fróðlegar umræður. RTG mun halda áfram vinnu sinni með listann.

Önnur mál:

JHJ kynnti tvær fyrirspurnir sem honum höfðu borist frá fagaðilum.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 21. nóvember 2022. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið kl. 17:40. Fundargerð ritaði JHJ.